



■ Thorvaldsen í Róm árið 1810. Málverk eftir Rudolf Suhlandt.



■ Thorvaldsen ásamt dönskum listamönnum í Róm árið 1837. Málverk eftir Ditlev Blunck.

THORVALDSEN

— eftir dr. Kristján Eldjárn

■ Eftir viku má loksins segja að Thorvaldsen sé kominn heim. Þá verður opnuð á Kjarvalsstöðum mikil og góð sýning á verkum þessa dansk/íslenska listamanns, og er hún hin stærsta sem haldin hefur verið utan Kaupmannahafnar, þar sem Thorvaldsen-safnið hefur aðsetur. Í tengslum við sýninguna verður gefin út mjög vönduð sýningar-skrá með fjölda greina um Thorvaldsen og list hans, og hefur Helgar-Tíminn fengið góðfúslegt leyfi dr. Kristjáns Eldjárns til að birta hér grein hans, „Thorvaldsen og Ísland“. Það skal tekið fram að grein dr. Kristjáns er aðeins ein af mörgum í sýningar-skránni, sem er auk þess prýdd fjölda mynda. Nánar verður sagt frá sýningunni sjálfri í blaðinu innan tíðar.

„Allir segja það einum munni að enginn í heiminum sé hans maki í þeirri list sem kennd er við bílætasmíði. Íslenskum má koma vel að fréttu gott af þessum mikla manni, að svo miklu leyti sem faðir hans var maður íslenskur og öll föðurætt hans héðan. Já, landi vor F. Magnúsen (Finnur Magnússon) skal hafa rakið ætt hans til Ólafs pá.“

Arni Helgason stiftsprófastur í Sunnanpóstinum 1835.

Á sjálfslíkneski Bertels Thorvaldsens sem Kaupmannahafnarborg gaf Íslandi 1874 og nú er í Hljómskálagarðinum í Reykjavík standa þessi orð: **Mestur listasmíður Norðurlanda.** Vera má að einhver rýni nokkuð lengi í þessa áletrun áður en hann trúir sínum eigin augum. Samt er þessi fullyrðing ekki ósannari en margar aðrar af svipuðu tagi. Á hádegi frægðar sinnar var Thorvaldsen af mörgum talinn mestur norræn listamaður allra alda, og til voru þeir í samtíð hans sem hugðu að jafnoki hans væri ekki til í gjörvöllum heimi.

Faðir Thorvaldsens var íslenskur og því engin furða að nafn hans er eitt þeirra sem hverju íslensku barni er gert að leggja á minnið. List hans eru þó fáir handgengnir enda eru fá listaverk hans hér á landi og snemma gerðist hljóðara um hann sem listamaðinn er trúlegt hefði þótt um skeið. Gleðiefni er það, að nú gefst okkur Íslendingum tækifæri á að

kynnast hér á heimagrund lífi og starfi hins gamla höfuðsnillings.

Fróðlegt er að veita því athygli hve viðkvæmir Íslendingar eru, ef þeim þykir sem þeirra hlutur í Thorvaldsen sé með einhverjum hætti fyrir borð borinn, jafnvel þótt ekki sé gengið svo langt að láta skína í að hann hafi jafnvel ekki verið rétt fedraður. Sú viðkvæmni er skiljanleg en öþörf, því sannleikurinn er sá að vangaveltur um ætterni Thorvaldsens eru tiltölulega nýtilkomnar. Ekki er vitað til að samtímamenn fjölskyldunnar hafi verið með neinar slíkar grillur, heldur séð málið í sínu einfalda hversdagslega ljósi: Ungur íslenskur piltur fer til Kaupmannahafnar til að læra iðn og gerast handverksmaður, einn af mörgum sem það gerðu. Hann sest um kyrrt í Höfn, giftist stúlku af nægilega lágum stigum til þess að ekki sé nú með öllu auðvelt að rekja ættir hennar eftir kirkjubókum. Þau búa saman til æviloka, við súrt og sætt, oft við nauman kost og ekki sem best samlyndi. En eitt áttu þau sem þau elskuðu bæði jafnheitt, einkabarnið Bertel. Hann var þeim hvortveggja í senn, góður og hjálpsamur sonur og stolt þeirra og uppreisn sökum frábærra listahæfileika sem snemma komu í ljós. Hér kom og til óvenjuleg mannheill sem sumum mönnum er gefin og rætur á í þesskonar ljúflynndi og viðmóti sem kalla má náðargáfu og vant getur verið að skýra eða skilgreina í hverju fölginn er.

Allir sem umgengust þetta fólk vissu að faðir Thorvaldsens var frá Íslandi en móðir hans var dönsk. Slík hjónabönd voru sannarlega engin furðufyrirbrigði í Kaupmannahöfn, heldur eins og hverjir aðrir sjálfsgóðir hlutir og varla umtalsverðir. Vinir Thorvaldsens, bæði í Danmörku og á Ítalíu, kölluðu hann oft Íslendinginn, eða Þór, sem dregið var af fornlegu norrænu nafni hans. Engum hefur dottið í hug að með þessu væru þeir að gefa í skyn að hann væri ekki danskur maður eða að þeir væru að afsala sér einhverju fyrir hönd Danmerkur með slíku tali. Menn komu til höfuðstadafrá ymsum dönskum eyjum og voru fjónskir, bornhólmskir, færeyskir eða íslenskir, töluðu mismunandi mál eða mállýskur, sem bara var gaman að, en allir voru þeir danskir.

Áður en þjóðleg vakning Íslendinga og sjálfstæðisbarátta fór að láta til sín taka voru þeir Danir áreiðanlega ekki margir sem gerðu sér minnstu grein fyrir eða voru yfirleitt að grufna út í að Ísland væri ekki bara ein af þessum dönsku eyjum, heldur land þar sem væri sérstök þjóð og þjóðmenning, ekki dönsk, þótt dönskum kóngi lyti.

Bertel Thorvaldsen var fæddur í Danmörku af danskri móður, ólst þar upp og kom aldrei til Íslands. Hann átti íslenskan föður, fór sjálfur aldrei dult með þennan uppruna sinn heldur þvert á móti, hafði bersýnilega gaman af að halda honum á loft og vita aðra gera það, kallaði Ísland ættarland sitt og lét höggva í marmara. Hann dvaldist á Ítalíu næstum alla manndómsævi sína og undi þar vel hag sínum, nefndi fæðingardag sinn þann dag sem hann kom fyrst þangað. Ítaliskur varð hann þó aldrei. Hann var danskur, en um leið íslenskur, og þetta var svo einfalt og augljóst sem verða má. Hið rétta er að eigna hann báðum þjóðum, þó hvorri aðrir sjálfsgóðir hlutir og varla umtalsverðir. Þorvaldsen er líka nógu mikill til þess að tvær þjóðir megi vel deila honum með sér eða eiga hann í sameiningu.

Ætt og uppruni Thorvaldsens

Gottskálf Þorvaldsson, faðir Þorvaldsens, var sonur séra Þorvalds Gottskálfssonar prests á Miklabæ í Blönduhlíð, en fæddist á Reynistað 1741 meðan faðir hans var enn djákni þar. Kona séra Þorvalds og móðir Gottskálks hét Guðrún Ásgrímsdóttir og var látin áður en fjölskyldan fluttist að Miklabæ. Börn prestsins voru þrjú, Ólóf fædd 1736, Ari fæddur 1738 og Gottskálf fæddur 1741. Séra Þorvaldur og Guðrún kona hans voru bæði vel ættuð, sem svo er kallað, en í því felst að skammt þarf að rekja til þess að finna meðal forfedra og ættmenna fyrirfólk úr andlegri eða veraldlegri stétt. Tilgangslaust væri að þylja hér einhverja nafnarömsu þessu til staðfestingar en vel við hæfi að láta nægja þann sannleik sem höggvinn er á stall Þorvaldsensstyttnunnar í Hljómskálagarðinum, að Thorvaldsen væri „að faðerni kominn af gömlum íslenskum ættum.“ Hér er vel og heppilega að orði komist, og ekki sakar að bæta því

við að ættfróðum mönnum væri sennilega í lófa lagið að rekja ætt hvaða Íslendinga sem er saman við ættir Þorvaldsens.

Ætttrakning verður því hér ekki lengri en þetta, að öðru leyti en því að þess má geta að auðvelt er að rekja ætt Guðrúnar, móður Gottskálks til Vatnsfirðinganna afkomenda Guðbrands biskups, en í þeirri ætt voru listir og hagleikur í miklum metum og virðist svo hafa verið mann fram af manni. Um Þorvald prest er sagt að hann muni ekki hafa verið lærdómsmaður að ráði, en hinsvegar er jafnan talið og má rökstyðja það, að hann hafi verið smíður góður og listhagur. Til marks um það er haft að hann byggði upp kirkju og bæjarhús á Miklabæ af mikilli smekkvísi og með meiri tilkostnaði en hann fékk staðið undir með góðu móti. Í vísitíð 19. ágúst 1757 lýsir Gísli biskup kirkjunni vel og fer um hana mjög lofsamlegum orðum. Séra Jón Konráðsson á Mælifelli, hinn mikli fræðimaður (1772–1850), þekkti þessa kirkju vel og fullyrðir að séra Þorvaldur hafi sjálfur smíðað hana og telur smíðina hafa verið nokkuð frábæra því sem algengast var á þeirri tíð. Talið er einnig að séra Þorvaldur hafi sjálfur unnið að endursmíð bæjarhúsanna, og hafi hvort tveggja, bær og kirkja, þá verið þrýðilegt, en jafnframt hafi prestur hleypt sér í skuldir sem hann stríddi við til æviloka. En langt varð stríðið ekki, því að séra Þorvaldur andaðist 1762, aðeins rösklega fimmtugur að aldri. Um arf eftir hann var ekki að ræða.

Af framansögðu má ef til vill renna grun í að þau hjón bæði, séra Þorvaldur og Guðrún, hafi verið hög á hendur og áhugasöm um verklegar listir. Synir þeirra báðir, Ari og Gottskálf, hafa sennilega verið hneigðari til handverks en skólalærdóms, enda fóru þeir báðir til Kaupmannahafnar haustið 1757 til þess að leggja fyrir sig iðnir. Það þótti líka fullboðlegt betri manna sonum að menntast á þann hátt erlendis og gerðu það margir Íslendingar. Þetta var því engin nýlunda, en einkennilegt var að Ólóf systir þeirra bræðra fór með þeim utan, og það var fátítt um stúlkur á þeim tíma. Má vera að hún hafi með einhverjum hætti átt að vera bræðrunum til trausts og halds. Annars er ekkert um

þetta vitað, nema hvað Ólóf kom aftur til Íslands en bræður hennar ekki. Ari fór til Sigurðar Þorsteinssonar, hins þekktu og mikilvirta gullsmíðs og var lærlingur og vistmaður hjá honum, varð að sögn fullnuma gullsmíðasveinn, en mun hafa dáíð ungar. Gottskálf aftur á móti, sem var aðeins 16 ára þegar hann sigldi, varð lærlingur hjá dönskum myndhöggvara (Billedhugger) og gerðist einkum tréskurðarmaður, settist að í Kaupmannahöfn og hafði ofan af fyrir sér og sínum með ýmisskonar útskurði, gerði meðal annars stafmynndir (galíonsfígúru) á skip, en einnig er hann sagður hafa fengist við að höggva í stein. Stundum er hann kallaður myndhöggvari, sem vel má til sanns vegar færa, þótt hann teldist jafnan fremur til handverksmanna en listamanna hvar sem þau skil eru nú í raun og sannleika. Hann var fátækur löngum og sagt að hann væri ekki sem reglusamastur, enda á áskuheimili Thorvaldsens að hafa verið heldur ömurlegt. Má það rétt vera. En þó er ástæða til að vara sig á þjóðsögunni, sem ætíð situr um að skerpa skin og skugga kringum hetju sína. Þjóðsagnamyndunin um líf og persónu Thorvaldsens var ekki neitt smærði.

Kynni Thorvaldsens af Íslendingum í æsku. Brjóstmyndin af Jóni Eiríkssyni.

Ekki verður annað séð en ætíð hafi farið vel á með Gottskálf Þorvaldssyni og Bertel syni hans, en samvistum þeirra lauk með Rómarför Bertels 1796. Þegar á unga aldri hneigðist hugur sonarins að sömu viðfangsefnum og föðursins. Óhugsandi er annað en að Bertel hafi mæta vel þekkt það fólk sem faðir hans umgekkst. Þar á meðal hafa þeir íslenskir menn verið sem í Höfn bjuggu. Hafnaríslendingar hafa löngum haldið fast saman og um 1800 var Kaupmannahöfn engin stórborg. Þó að beinar heimildir séu ekki miklar liggur í augum uppi að Bertel hlýtur að hafa kynnt mörgum löndum föður síns í Höfn. Má þar til dæmis nefna Sigurð Þorsteinsson gullsmíðameistara, og raunar er hann eini Íslendingurinn sem Gottskálf nefnir í bréfum sínum til sonar síns eftir að